



VBS fjárfestingarbanki hf.

Útgefandalýsing

21. desember 2007

Efnisyfirlit

1.	Ábyrgir aðilar	3
1.1.	Ábyrgðaraðili	3
1.2.	Yfirlýsing útgefanda	3
1.3.	Yfirlýsing umsjónaraðila	3
2.	Löggiltir endurskoðendur	4
3.	Áhættuþættir	4
3.1.	Áhættuþættir sem tengjast útgefanda	4
3.2.	Áhættuþættir sem tengjast útgefnum verðbréfum.....	9
4.	Upplýsingar um útgefandann	9
4.1.	VBS fjárfestingabanki hf.	9
4.2.	Saga og þróun útgefandans	10
4.3.	Sameining við FSP	10
5.	Yfirlit um starfsemi	11
5.1.	Starfssvið	11
5.2.	Viðskiptasvið	12
5.3.	Fjármálasvið	13
5.4.	Helstu markaðir	14
5.5.	Starfsmannafjöldi	14
6.	Skipulag	14
7.	Horfur og framtíðarsýn	15
8.	Stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn	15
8.1.	Stjórn	15
8.2.	Varastjórn	16
8.3.	Skipurit og eftirlitsstjórn	17
8.4.	Stjórnendur	18
8.5.	Upplýsingar um þátttöku stjórnenda í öðrum félögum	19
8.6.	Hagsmunaárekstrar stjórnar, stjórnenda og eftirlitsstjórnar	20
9.	Stærstu hluthafar og mikilvægir samningar	21
9.1.	Eignarhlutir tengdra aðila	21
9.2.	Hlutabréfakaup starfsfólks	21
9.3.	Mikilvægir samningar	21
10.	Fjárhagsupplýsingar	22
10.1.	Endurskoðun fjárhagsupplýsinga	22
10.2.	Útgefin verðbréf og opinberar birtingar	23
10.3.	Síðustu fjárhagsupplýsingar	24
10.4.	Dómsmál og gerðardómsmál	25
10.5.	Mikilvægar breytingar á fjárhagsstöðu útgefanda	25
11.	Skjöl til sýnis	25
12.	Samþykktir VBS fjárfestingarbanka hf.	26

1. Ábyrgir aðilar

1.1. Ábyrgðaraðili

VBS Fjárfestingabanki hf., kennitala 621096-3039, Suðurlandsbraut 18,108 Reykjavík.

1.2. Yfirlýsing útgefanda

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri, fyrir hönd útgefanda, nafngreindir hér að neðan, lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem útgefandalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 21. desember 2007

f.h. stjórnar og VBS Fjárfestingarbanka hf.

Suðurlandsbraut 18, 105 Reykjavík



Páll Magnússon,
stjórnarformaður



Jón Þórisson,
framkvæmdarstjóri

1.3. Yfirlýsing umsjónaraðila

Umsjónaraðili útgefandalýsingar þessarar er VBS Fjárfestingarbanki, kennitala 621096-3039, Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri, fyrir hönd umsjónaraðila, nafngreindir hér að neðan, lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem útgefandalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 21. desember 2007

f.h. stjórnar og VBS Fjárfestingarbanka hf.

Suðurlandsbraut 18, 105 Reykjavík



Páll Magnússon,
stjórnarformaður



Jón Þórisson,
framkvæmdarstjóri

2. Löggiltir endurskoðendur

Frá 1. janúar 2007 hefur Sigurður Jónsson, kt. 290256-5269, Þrúðvangi 6, 220 Hafnarfirði, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG endurskoðun hf., annast endurskoðun reikninga VBS fjárfestingarbanka hf. Fram að þeim degi önnuðust Reynir Vignir, kt. 040753-3469, Hvassaleiti 68, 103 Reykjavík og Kristinn Freyr Kristinsson, kt. 090873-5049, Laxakvísl 27, 110 Reykjavík, löggiltir endurskoðendur hjá PriceWaterhouseCoopers hf., endurskoðun reikninga VBS fjárfestingarbanka hf.

Með leyfi Fjármálaeftirlitsins hefur VBS falið Helgu Harðardóttur, kt. 101059-2519, Hvannarima 20, 112 Reykjavík, löggiltum endurskoðanda hjá KPMG endurskoðun hf. að annast innri endurskoðun bankans.

3. Áhættuþættir

Fjölmarginir áhættuþættir geta haft áhrif á getu VBS fjárfestingarbanka hf. til að standa við skuldbindingar gagnvart fjárfestum í tengslum við verðbréf sem bankinn gefur út og tekin hafa verið til viðskipta. Hér að neðan er greint frá mikilvægum áhættuþáttum og fjallað um áhrif þeirra. Tekið skal fram að upptalningin hér að neðan er ekki tæmandi þótt þar komi fyrir þeir áhættuþættir sem helstir eru og þeim er ekki raðað eftir mikilvægi. Fjárfestar eru minntir á að leita sér nánari upplýsinga og ráðgjafar þarfnist þeir ítarlegri útlistunar á áhættuþáttum.

3.1. Áhættuþættir sem tengjast útgefanda

VBS fjárfestingarbanki starfar á íslenskum fjármálamarkaði. Rekstri fjármálafyrirtækis fylgir starfsgreinaáhætta þar sem aukin samkeppni á fjármálamarkaði getur haft neikvæð áhrif á tekjur og afkomu. Kröfur viðskiptavina um lægri útlánsvexti og hærri fjármögnunarkostnaður á markaði geta haft áhrif á tekjur VBS auk þess sem breytingar á ytri aðstæðum í efnahagslífi geta einnig haft áhrif á afkomuna.

3.1.1. Markaðsáhætta

Breytingar á markaðsvirði eigna, breytingar á gengi gjaldmiðla og breytingar á vaxtakjörumá fjármagnsmarkaði hafa áhrif á afkomu VBS. Markaðsáhætta er hér greind í gjaldeyris- og afleiðuáhættu, vaxtaáhættu og verðáhættu hlutabréfa.

3.1.1.1. Gjalddeyris- og afleiðuáhætta

Bankinn hefur tekið fé að láni í nokkrum gjaldmiðlum auk íslensku krónunnar og hefur sömuleiðis lánað í nokkrum gjaldmiðlum. Bankinn lýtur reglum Seðlabanka Íslands nr. 318 frá 2006 um gjaldeyrisjöfnuð og gerir Seðlabanka grein fyrir gjaldeyrisjöfnuði sínum mánaðarlega. Samkvæmt reglunum má munur á skuldum og eignum í hverri erlendri mynt ekki fara yfir 20% af eigin fé bankans og heildargjalddeyrismunur ekki yfir 30% af eigin fé. Stefna VBS er að halda gjaldeyrisáhættu í lágmarki með því að halda erlendum eignum og erlendum

skuldum í jafnvægi eða með afleiðusamningum. Engu að síður geta skyndilegar og ófyrirséðar breytingar á innbyrðis gengi gjaldmiðla haft neikvæð áhrif á rekstur bankans, einkum í þeim tilvikum þegar lán eru í öðrum myntum en eignir sem settar eru til tryggingar lánnum.

3.1.1.2. Vaxtaáhætta

Verulegar og skyndilegar breytingar á vaxtakjörum á fjármagnsmarkaði haft mikil áhrif á afkomu bankans. Ávöxtunarkrafa á markaði hefur áhrif á afkomu VBS vegna þess að vaxtakjör er VBS nýtur í fjármögnun sinni eru háð kröfu fjármálastofnana og fjárfesta um ávöxtun. Þá er einnig hluti af útlánnum VBS með breytilegum vöxtum er taka mið af tilteknum mælistikum á ávöxtunarkröfu markaða, en hluti útlánanna ber fasta vexti. Þessu til viðbótar er hluti af lántökum VBS tryggður með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og sömuleiðis hluti af útlánnum. Áhættustýring bankans fylgist með vaxta- og verðtryggingaráhættu og er leitast við að lágmarka áhættuna með því að gæta jafnvægis í samsetningu eigna og skulda. Fjármálaeftirlitið fylgist með áhættu fjármálafyrirtækja vegna hugsanlegra breytinga á ávöxtunarkröfu og er skýrslu um fastvaxtaáhættu skilað ársfjórðungslega til Fjármálaeftirlitsins.

3.1.1.3. Verðáhætta hlutabréfa

Lækkun á markaðsvirði hlutabréfa hefur neikvæð áhrif á afkomu bankans. Að jafnaði á bankinn nokkurt safn hlutabréfa í félögum sem skráð eru á markað og er verðmæti þess safns háð breytingum á gengi félaganna. Þann 30. júní 2007 var stærð þessa safns 1.312 milljónir eða u.þ.b. 6% af heildareignum bankans. Ákvarðanir um fjárfestingarstefnu og stærð þessa safns eru teknar af ALCO nefnd bankans.

3.1.2. Útlánaáhætta

Útlán til viðskiptavina eru stærsta eign VBS fjárfestingarbanka hf. Helsta áhættan í rekstri bankans er tengd þeirri eign og felst í þeim möguleika að viðskiptavinir standi ekki við skuldbindingar sínar. Mikill meirihluti, u.þ.b. 90%, útlánanna eru lán til fyrirtækja sem veitt eru vegna tiltekinna verkefna sem fyrirtækin ráðast í, svo sem byggingarframkvæmda eða kaupa á öðrum fyrirtækjum.

Fylgt er tilteknu ferli frá því umsókn um lán berst þar til lán er endurgreitt. Strax og beiðni um lánaþingreiðslu berst bankanum er lagt mat á fýsileika þeirra áforma sem lánið er ætlað til. Ennfremur er þegar í upphafi lagt mat á arðsemi eiginfjár bankans ef af lánveitingu yrði. Beiðni um lánaþingreiðslu er hafnað teljist verkefnið ekki fýsilegt með tilliti til áhættu bankans og ávöxtunar eigin fjár hans.


Skilyrðin um gæði verkefnis með tilliti til áhættu og arðsemi eigin fjár eru nauðsynleg en ekki nægjanleg fyrir lánveitingu. Að þeim uppfylltum fer fram nánari athugun á því hvernig lánið, ef það verður veitt, fellur að lánasafni bankans og tryggingar eru nánar skoðaðar. Ef niðurstöður þeirrar athugunar eru jákvæðar fer málið til afgreiðslu í lánanefnd en að öðrum kosti er beiðni um fyringreiðslu hafnað. Lánanefnd bankans er skipuð

forstjóra, framkvæmdastjóra viðskiptasviðs og forstöðumanni áhættustýringar. Fundi nefndarinnar sitja enn fremur forstöðumaður reikningshalds og forstöðumaður lögfræðisviðs. Lánveitingar eru þá og því aðeins heimilar að fyrir liggja *einróma* samþykki lánanefndar. Þannig þarf *sérhver* lánveiting að hljóta samþykki í lánanefnd, en hafa skal í huga að jafnan er um talsverðar fjárhæðir að ræða í hvert sinn. Meðalstærð skuldbindinga viðskiptamanna er nálægt 200 milljónum króna. Skv. 30. gr. laga nr. 161/2002 má engin einstök áhættuskuldbinding eða skuldbinding vegna tengdra aðila fara yfir 25% af eigin fé fjármálafyrirtækis. Yfirlit er sýnir allar skuldbindingar er nema 10% eða meira af eigin fé er sent Fjármálaeftirlitinu ársfjórðungslega. Samanlagt mega stórar áhættuskuldbindingar ekki fara yfir 800% af eigin fé bankans. Lánin eru ýmist veitt samkvæmt lánasamningum eða með því að keypt eru skuldabréf með fasteignaveði sem fyrirtækin gefa út.

Markvisst er unnið að því mæla útlánaáhættu og stýra henni. Mat á greiðslugetu fyrirtækja og líkum á vanefndum er unnið í samstarfi við Lánstraust hf. með reiknilíkani sem þróað var af CreditInfo Decision. Matið er byggt á 50 mælanlegum þáttum í starfsemi fyrirtækja er hafa forspárgildi um greiðslugetu þeirra. Áhættustýring bankans annast mælingar á útlánaáhættu.

Þegar lánað er til byggingarframkvæmda hefur verkefnafjármögnun bankans eftirlit með framgangi þessa verka sem lánað er til og sér um að tryggja að veðstaða sé ævinlega innan þeirra marka sem lánanefnd hefur heimilað.

Afskriftabörf vegna útlána sem talið er að muni tapast er metin reglulega og afskrift færð á afskriftarreikning. Þann 30. júní 2007 var staða afskriftareiknings útlána 262 milljónir sem jafngildir rúmlega 2% af útlánum á sama tíma.



Mynd 1. Útlánaferli hjá VBS

3.1.3. Lausafjár- og fjármögnunaráhætta

Með lausafjárahættu er vísað til þess möguleika að fjármálafyrirtæki lendi í erfiðleikum með að standa við skuldbindingar sínar á tilsettum tíma, jafnvel þótt eignir fyrirtækisins séu meiri en skuldir þess. Lausafjárþurrð getur skapast ef samdráttur verður á lánamörkuðum og áform um fjármögnun ganga ekki eftir.

Samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands nr. 317 frá 2006 um lausafjárhlutfall er lánaþingráðgjafi skyldur að greina Seðlabanka frá lausafjárhlutfalli sínu í mánaðarlegri skýrslu og sömu reglur skylda lánaþingráðgjafi til að eiga á hverjum tíma nægjanlegt laust fé til að mæta skuldbindingum næstu þriggja mánaða. Sé lausafjárhlutfall ófullnægjandi beitir Seðlabankinn viðurlögum.

VBS sækir fjármagn til innlendra og erlendra lánastofnana, auk þess sem bankinn selur víxla og skuldabréf á markaði. Hlutfall eigin fjár af eignum (CAD) var 30,3% þann 30. júní 2007. Að lágmarki getur hlutfall eigin fjár af eignum fjármálafyrirtækis orðið 8% skv. 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Að öðru jöfnu má gera ráð fyrir að fjármálafyrirtæki njóti betri lánskjara og eigi hægara um vik í fjármögnun sinni eftir því sem hlutfall eigin fjár er hærra.

Þess er gætt í rekstri VBS að borð sé fyrir báru í fjármögnun bankans og ber fjárstýring ábyrgð á að reglum um lausafjárhlutfall sé fylgt. Áhættustýring hefur eftirlit með lausafjárstöðu bankans og gerir viðvart ef ekki er farið að reglum.

3.1.4. Efnahagsáhætta

Hagvöxtur og efnahagur á Íslandi eru veigamiklir áhættuþættir í rekstri VBS fjárfestingarbanka hf. Bankinn er háður tekjum af þjónustu við sína viðskiptavini sem flestir eru fyrirtæki eins og fyrr segir. Verði samdráttur í íslensku efnahagslífi má gera ráð fyrir minni eftirspurn eftir þjónustu bankans og myndi það hafa neikvæð áhrif á afkomu hans. Samdráttur á fasteignamarkaði og verðlækkun á þeim markaði myndi sömuleiðis hafa neikvæð áhrif á rekstur bankans og auka áhættu hans.

3.1.5. Mótaðilaáhætta vegna uppgjörs viðskipta

Bankinn hefur tíðum milligöngu um ýmis viðskipti, einkum verðbréfavíðskipti og gjaldmiðlaviðskipti. Milligangan veldur bankanum áhættu sem felst í þeim möguleika að bankinn hafi gengist í skuldbindingar fyrir hönd viðskiptavinar sem hann hyggst gangast við og efna en getur ekki þegar að uppgjöri kemur eftir þau fyrirheit sín.

3.1.6. Rekstraráhætta

Margvíslegir atburðir geta orðið þess valdandi að röskun verði á starfsemi fjármálafyrirtækis með þeim afleiðingum að afkoma þess bíði skaða af. Fjármálafyrirtæki er mjög háð starfsfólki sínu og stjórnendum, ásamt tölvu- og upplýsingakerfum sínum. Áhætta sem felst í starfsmannahaldi á bæði við um hættu á mistökum og einnig um hættuna sem stafar af missi starfsmanna. VBS kappkostar að lágmarka hættu á mistökum með því að skrá alla ferla þar sem fjármunir koma við sögu og með því að gera ferla vegna hærri fjárhæða þannig úr garði að viðvik tveggja starfsmanna þurfi til að ljúka málum. VBS vinnur markvisst að því að halda starfsmannaveltu í lágmarki, bæði með jákvæðu starfsumhverfi og góðum starfskjörum.

Áhætta sem felst í rekstri tölvu- og upplýsingakerfa tengist möguleikanum á að gögn tapist, möguleikanum á að kerfi vinni ekki rétt úr upplýsingum og möguleikanum á að upplýsingar komist í rangar hendur vegna bilunar eða misgjörða. VBS leitast við að takmarka áhættu sem felst í rekstri kerfanna, m.a. með daglegri afritun allra gagna og með skipulögðum prófunum. Mikilvægustu upplýsingakerfi VBS eru kerfi frá OMX Librasoft og Microsoft Dynamics Navision.

VBS hefur keypt ábyrgðartryggingu stjórnar og framkvæmdastjóra (Directors' & officers' Liability Insurance) og atvinnurekstrartryggingu með eignatryggingu, rekstrarstöðvunartryggingu og frjálsri ábyrgðartryggingu.

3.1.7. Lagaleg áhætta

Breytingar á lögum geta haft neikvæð áhrif á rekstur bankans ef þær eru íþyngjandi. Að sama skapi geta breytingar á lögum haft áhrif á skyldu hans til að bæta fyrir tjón sem hann eða starfsmenn hans valda. VBS

fjárfestingarbanki starfar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og reglugerðum settum á grundvelli þeirra. Bankinn hefur starfsleyfi sem lánaþyrirtæki og fjárfestingarbanki skv. 3. tl. 4.gr. laganna. Þá er ákveðinn hluti starfsemi bankans bundinn af lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 og reglugerðum settum samkvæmt þeim. VBS fjárfestingarbanki sætir opinberu eftirliti Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998 og reglum settum samkvæmt þeim. Bankanum ber að starfa í samræmi við lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 64/2006.

Að öðru leyti starfar bankinn eftir þeim lögum sem eru í gildi á hverjum tíma og almennt gilda í viðskiptum milli aðila s.s. lögum um hlutafélög nr. 2/1995, lögum um einkahlutafélög nr. 138/1994, lögum um neytendalán nr. 121/1994.

3.2. Áhættuþættir sem tengjast útgefnum verðbréfum

3.2.1. Skuldaraáhætta

Skuldaraáhætta er sú áhætta að útgefandi geti ekki uppfyllt skyldur sínar um endurgreiðslu á gjalddaga. VBS fjárfestingarbanki hf. ábyrgist endurgreiðslu verðbréfa á gjalddaga. Engar tryggingar eru lagðar til grundvallar endurgreiðslu útgefina verðbréfa. Allar kröfur á hendur útgefanda til endurgreiðslu útgefina verðbréfa eru jafnrétt háar. Krafa á hendur VBS fjárfestingarbanka hf. til endurgreiðslu verðbréfanna nýtur ekki forgangs umfram aðrar kröfur á hendur VBS fjárfestingarbanka hf.

3.2.2. Eftirmarkaður

Hin útgefna verðbréf hafa ekki verið skráð og tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði áður og engin trygging er fyrir því að eftirmarkaður myndist með viðskipti þeirra. VBS fjárfestingarbanki hf. er ekki skyldugur til að tryggja að eftirmarkaður verði til staðar enda er viðskiptavakt ekki fyrirhuguð. Markaðsverð og seljanleiki verðbréfanna getur breyst eftir markaðsaðstæðum og getur markaðsverð þeirra lækkað frá því verði sem kaupandi greiddi fyrir verðbréfin.

3.2.3. Lagalegt umhverfi

Verðbréf útgefanda eru gefin út samkvæmt íslenskum lögum eins og þau eru á útgáfudegi. Um víxla gilda Víxillög nr. 93/1933. Útgefandi getur ekki borið ábyrgð á breytingum sem gerðar eru á lögum, niðurstöðu dómstóla eða ákvörðunum stjórnvalda eftir að bréfin hafa verið gefin út.

4. Upplýsingar um útgefandann

4.1. VBS fjárfestingarbanki hf.

Lög- og viðskiptaheiti: VBS fjárfestingarbanki hf., áður Verðbréfastofan hf.

Enskt heiti:	VBS Investment Bank
Kennitala:	621096-3039
Lögheimili og höfuðstöðvar:	Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík
Rekstrarform:	Hlutafélag
Skráningarstaður:	Ísland
Stofndagur:	15. október 1996.
Vefsvæði:	www.vbs.is
Tölvupóstur:	vbs@vbs.is
Símanúmer:	570 1200

Löggjöf sem útgefandi starfar skv.: Lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, Lög um verðbréfavíðskipti 108/2007. Sjá einnig kafla 3.1.7.

4.2. Saga og þróun útgefandans

Saga VBS fjárfestingarbanka hf. hófst árið 1996 með stofnun Verðbréfastofunnar hf., sem er forveri bankans. Í upphafi einbeitti Verðbréfastofan sér að miðlun verðbréfa en árið 1998 var þjónustan víkkuð út með tilkomu eignastýringar og framkvæmdafjármögnunar. Verðbréfastofan óskaði eftir því við Fjármálaeftirlitið að fá starfsleyfi sem lánastofnun (fjárfestingarbanki) árið 2005 og fékk leyfið í desember það sama ár. Eftir að Verðbréfastofan hafði fengið starfsleyfi sem lánafyrirtæki var ákveðið að breyta nafni fyrirtækisins í VBS fjárfestingarbanki hf.

Árið 2006 var haldið áfram að útvíkka starfsemi bankans. Lánasvið var sett á laggirnar, ásamt fyrirtækjasviði. Á fyrrihluta árs 2007 sameinuðust VBS fjárfestingarbanki hf. og Fjárfestingarfélag Sparisjóða (FSP). Samruni fyrirtækjanna fór fram með yfirtöku VBS á FSP. Fjármálaeftirlitið samþykkti samrunann í júlí 2007 og gildir hann frá 1. janúar 2007.

4.3. Sameining við FSP


VBS fjárfestingarbanki hf. sameinaðist FSP hf. miðað við 1. Janúar 2007 undir nafni VBS fjárfestingarbanka hf. Við samrunann eignuðust eigendur FSP 48% hlut í sameinuðu félagi en FSP var fjárfestingarfélag í eigu 20 sparisjóða. Fram kemur í greinargerð stjórnar VBS vegna samrunans að tilgangur hans sé að búa til öflugan fjárfestingarbanka sem getur boðið viðskiptavinum sínum víðtæka þjónustu og sú þjónusta verði í hæsta gæðaflokki. VBS tók við eignasafni FSP og við samrunann jókst eigið fé VBS fjárfestingarbanka úr 1.997 milljónum króna í 6.096 milljónir. Engir starfsmenn fylgdu félaginu inn í VBS og starfsemi sem fyrir var í VBS tók við öllum þáttum í starfsemi FSP.

5. Yfirlit um starfsemi

VBS fjárfestingarbanki sinnir verðbréfamiðlun, eignastýringu, framkvæmdafjármögnun, fyrirtækjarðgjöf og lánveitingum og byggir á samstarfi við öfluga viðskiptavinum og skapar þeim tækifæri til árangurs. VBS starfar á Íslandi en þegar verkefni trausta viðskiptavina eru á erlendri grundu þjónar bankinn þeim einnig þar.


Hreinar rekstrartekjur*	2005	2006	1H 2007
Hreinar vaxtatekjur	258	53	384
Þóknana- og þjónustutekjur	424	573	841
Hreinar tekjur af verðbréfum	289	162	496
Ýmsar rekstrartekjur	25	46	62
Samtals	996	834	1.783

* milljónir króna. Heimild: endurskoðuð uppgjör.



Eignir	31.12.05	01.01.07	30.06.07
Kröfur á lánastofnanir	278	152	451
Útlán til viðskiptamanna	0	9.260	12.298
Fullnustueignir	0	0	3.356
Veltufjáreignir	3.219	1.553	2.112
Fjáreignir á gangvirði	999	3.923	1.312
Rekstrarfjármunir	18	20	20
Viðskiptavild	0	1.014	857
Ýmsar eignir	1.846	895	3.170
Samtals	6.360	16.817	23.576

Heimild: endurskoðuð uppgjör.



5.1. Starfssvið

Stjórn VBS fjárfestingarbanka hf. ákvað 30. nóvember 2007, í kjölfar stefnumótunar innan bankans, að breyta skipulagi hans og útvíkka starfsemi hans innan þeirra heimilda sem felast í leyfi bankans til þess að vera fjárfestingarbanki, að því gefnu að samþykki til þessa fái frá Fjármálaeftirlitinu. Bankanum er skipt í ellefu starfseiningar. Þær eru skilgreindar með það að augnamiði að tryggja skilvirkni, skýra ábyrgð og einbeitingu á viðfangsefnum. Hver eining fæst við verkefni af tilteknu tagi og gegnir skýru hlutverki gagnvart öðrum starfseiningum og gagnvart viðskiptavinum bankans. Fimm einingar fást við verkefni sem tengjast viðskiptavinum bankans beint og er þeim skipað saman á *viðskiptasvið*. Starfsemi hinna eininganna sex snýr að öðrum einingum innan bankans og að samskiptum milli banka. Þeim er skipað saman á *fjármálasvið*.

Viðskiptasvið	Fjármálasvið
Markaðsviðskipti	Fjárstýring
Framkvæmdafjármögnun	Fjármögnun og rekstur
Eignastýring	Lögfræðisvið
Lánasvið	Áhættustýring
Fyrirtækjasvið	Reikningshald
	Bakvinnsla

Hvort svið hefur framkvæmdastjóra og heyra þeir beint undir forstjóra bankans (sjá skipurit í kafla 8.3). Hver eining hefur forstöðumann sem heyrir undir framkvæmdastjóra sviðsins. Innan hversrar einingar starfa verkefnastjórar, sérfræðingar, viðskiptastjórar, viðskiptafulltrúar o.fl. undir stjórn forstöðumanns. Markaðsmál heyra undir framkvæmdastjóra viðskiptasviðs. Starfsmannamál heyra undir framkvæmdastjóra hvors sviðs.

5.2. Viðskiptasvið

Á viðskiptasviði eru þær starfseiningar sem veita viðskiptavinum þjónustu. Framkvæmdastjóri viðskiptasviðs er Björn Ólafsson. Tekjur bankans myndast að mestu leyti á viðskiptasviði að frásildum tekjum fjárstýringar sem tilheyrir fjármálasviði.

5.2.1. Markaðsviðskipti

Markaðsviðskipti hafa milligöngu um kaup og sölu verðbréfa, auk þess sem sviðið sinnir ráðgjöf til fjárfesta. Forstöðumaður frá 1. janúar 2008 er Ægir Birgisson. Tekjur markaðsviðskipta byggjast á þóknunum af verðbréfavíðskiptum, sem fylgja umfangi viðskipta hverju sinni, og vörslu verðbréfa, sem eru stöðugar.

5.2.2. Framkvæmdafjármögnun

Framkvæmdafjármögnun VBS sinnir verkefnum á sviði byggingarframkvæmda og því er starfsemin viðkvæm fyrir breytingum á verði fasteigna. Þjónustan nær til fjármögnunar verkefna með skuldabréfum, milligöngu um fjármögnun og fjármálaþjónustu til framkvæmdaaðila sem tengist viðkomandi verkefnum. Þorri verkefna eru fjármögnuð með skuldabréfum, tryggðum í fasteignum viðkomandi verkefnis, sem seld eru fjárfestum eða fjármögnuð með lánsfé frá bankanum. 5 sérfræðingar starfa á sviðinu. Grannt er fylgst með framgangi verkefna en krafa er gerð um reglulegt eftirlit á vegum óháðra verkfræðinga sem taka út verkstöðu. Tekjur sviðsins eru vaxtatekjur og þóknunar- og þjónustutekjur vegna útgáfu veðskuldabréfa og milligöngu um fjármögnun. Forstöðumaður er Tómas Þór Eiríksson.

5.2.3. Eignastýring

Eignastýring tekur að sér að ávaxta fjármuni viðskiptavina, jafnt fjársterkra einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka. Fjármagn í vörslu og stýringu nemur nærri 30 milljörðum króna við lok september 2007 og viðskiptavinir eru um 600 talsins, þar af um 200 með eignastýringarsöfn og 400 með ráðgjafarsöfn. Mikill meirihluti viðskiptavina eru einstaklingar en um 25% fjármagns í stýringu er á vegum fyrirtækja og félagasamtaka. Eignastýring VBS heldur jafnframt utan um markaðsetningu og sölu Carnegie sjóða á Íslandi og hefur umfang þeirra viðskipta vaxið hröðum skrefum undanfarið. Forstöðumaður er Pétur Aðalsteinsson.

5.2.4. Lánasvið

Lánasvið VBS sinnir lánsfjármögnun vegna rekstrar fyrirtækja sem og vegna fyrirtækja- og hlutabréfakaupa. Lánað er í öllum algengum myntum og eru boðin bæði verðtryggð lán með föstum vöxtum og lán með breytilegum vöxtum. Lánasvið hóf starfsemi 2006, undir forstöðu Brynjólfs Bjarnasonar.

5.2.5. Fyrirtækjasvið

Fyrirtækjasvið var sett á laggirnar í apríl 2007. Á sviðinu starfa nú tveir starfsmenn en fjölgar í þrjá í byrjun 2008. Fyrirtækjasvið veitir viðskiptavinum bankans margvíslega ráðgjöf við verðmat, kaup, sölu, samruna og fjármögnun fyrirtækja.

Forstöðumaður er Magnús Sch. Thorsteinsson.

5.3. Fjármálasvið

Á fjármálasviði er sinnt þjónustu við aðrar starfseiningar innan bankans og viðskiptum við aðrar fjármálastofnanir. Framkvæmdastjóri fjármálasviðs er Guðmundur Birgisson.

5.3.1. Fjárstýring

Megin hlutverk fjárstýringar er að stýra lausafé bankans og þeirri áhættu sem því fylgir. Fjárstýring sér einnig um öll gjaldeyrisviðskipti bankans og stýrir gjaldeyrisáhættu hans í samræmi við sett markmið áhættustýringar. Forstöðumaður er Hreggviður Ingason.

5.3.2. Fjármögnun og rekstur

Megin hlutverk einingarinnar er fjármögnun bankans og tengsl við fjárfesta en jafnframt heyrir rekstur upplýsingakerfa, viðskiptaviðmóts, aðstöðu og móttöku bankans undir eininguna. Forstöðumaður er Sigurður Hjalti Kristjánsson.

5.3.3. Lögfræðisvið

Lögfræðisvið starfar náið með öllum sviðum bankans til að tryggja að fyllstu nákvæmni sé gætt við gerð samninga og frágang skjala. Lögfræðisvið vinnur að því að tryggja að umgjörð starfsemi bankans og eðli starfsseminnar sé í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma. Einingin ber ábyrgð á regluvörslu bankans. Forstöðumaður er Högni Friðþjófsson, hdl.

5.3.4. Áhættustýring

Hlutverk áhættustýringar er að meta og mæla áhættu í einstökum verkefnum og áhættu bankans í heild. Áhættustýringu ber að tryggja að bankinn uppfylli á hverjum tíma kröfur gildandi laga og reglugerða um áhættustýringu og eiginfjárlutföll og hafa eftirlit með gjaldeyrisáhættu og lausafjárahættu. Áhættustýring fylgist með útlánaáhættu, markaðsáhættu og rekstraráhættu bankans og á frumkvæði að uppbyggingu reglna og ferla sem draga úr áhættu. Forstöðumaður er Guðmundur Birgisson, sem jafnframt er framkvæmdastjóri fjármálasviðs.

5.3.5. Reikningshald

Einingin annast allt bókhald bankans og dótturfélaga hans. Einingin ber jafnframt ábyrgð á uppgjörum bankans, annast samskipti við endurskoðendur hans og hefur með höndum skýrslugerð og skil til eftirlitsaðila. Forstöðumaður er Guðmundur Frímansson, löggiltur endurskoðandi.

5.3.6. Bakvinnsla

Hlutverk bakvinnslu er að tryggja öruggan frágang innlendra og erlendra verðbréfavíðskipta og sjá til traustrar stjórnunar á verðbréfavörslu viðskiptavina og frágang skjala vegna lánveitinga og lántöku bankans. Forstöðumaður er Arna Gunnarsdóttir.

5.4. Helstu markaðir

VBS fjárfestingarbanki hf. hefur höfuðstöðvar í Reykjavík og enga aðra starfsstöð. VBS tekur þátt í samkeppni á þeim mörkuðum sem fyrirtækið veitir þjónustu á, til einstaklinga í formi eignastýringar, markaðsviðskipta og ráðgjafar vegna fyrirtækjakaupa og fyrirtæki á öllum sínum starfssviðum.

5.5. Starfsmannafjöldi

30. júní 2007 voru 32 að störfum hjá VBS fjárfestingarbanka.

6. Skipulag

VBS fjárfestingarbanki hf. er ekki hluti af samstæðu annars félags en eftirfarandi dótturfélög tilheyra samstæðu VBS:

- Dótturfélagið Fremd ehf. er að fullu í eigu VBS fjárfestingarbanka hf. en tilgangur félagsins er rekstur fasteigna, eignaumsýsla og lánastarfsemi og annar tengdur rekstur.
- Dótturfélagið VBS fjárfesting ehf. er að fullu í eigu VBS fjárfestingarbanka hf. Engin starfsemi er í félaginu.
- Dótturfélagið Þórusker ehf. er að fullu í eigu VBS fjárfestingarbanka en tilgangur félagsins eru kaup, sala, rekstur, eignarhald og leiga fasteigna og hvers kyns lausafjár; eignarhald, kaup og viðskipti með hlutabréf, hluti í félögum, önnur verðbréf og hvers kyns önnur fjárhagsleg verðmæti; lánastarfsemi og skyldur rekstur.

7. Horfur og framtíðarsýn

VBS telur horfur góðar fyrir núverandi starfsemi og forsvarsmenn sjá tækifæri til vaxtar og viðhalds félagsins. Engar verulegar óæskilegar breytingar hafa orðið á framtíðarhorfum útgefanda síðan síðustu endurskoðuðu reikningsskil hans voru birt. Bankinn hefur nýlokið stefnumótun, staðfestri af stjórn þann 30. nóvember 2007, þar sem þessi framtíðarsýn bankans var mótuð:

- VBS er sterkur og áráðinn fjárfestingarbanki sem gerir mögulegt að veita viðskiptavinum fjölbreytta þjónustu.
- VBS hefur á að skipa starfsfólki með yfirgripsmikla þekkingu á þörfum viðskiptavina sinna og sérhæfir sig í arðbærustu þáttum þeirra.
- VBS tryggir hagkvæmni, skilvirkni og öryggi í rekstri og lögð er áhersla á hagnýtingu upplýsingatæki, skráningu ferla og gagnsæi.
- VBS skilar hluthöfum góðri arðsemi og er jöfnum höndum lögð áhersla á vöxt tekna og lágmörkun kostnaðar.
- VBS er eftirsóknarverður vinnustaður. Starfsmenn VBS eru samheldinn hópur sem af áráðni og þekkingu skapar verðmætar lausnir fyrir viðskiptavinum og hluthafa.

8. Stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn

8.1. Stjórn

Stjórn VBS fjárfestingarbanka hf. er skipuð Páli Magnússyni, sem er formaður og meðstjórnendunum Ólafi Elíssyni, Gunnari Árnasyni, Þresti Leóssyni og Símoni Sigurpálssyni.

- Páll Magnússon er framkvæmdastjóri Sunds ehf.
- Óskar Ólafur Elísson er sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Vestmannaeyja.
- Gunnar Árnason er forstöðumaður áhættustjórnunar og útlánaeftirlits Byrs sparisjóðs.

- Pröstur Leósson er forstöðumaður fjármálasviðs Sparisjóðs Keflavíkur.
- Símon Sigurpálsson er kaupmaður í þinni verslun.

Starfsstöð stjórnarmanna er á skrifstofu VBS fjárfestingarbanka hf., Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík sem jafnframt er heimilisfang útgefanda.

8.2. Varastjórn


Varastjórn skipa Jón Kristjánsson, Guðmundur Ingi Jónsson, Kristinn Ágúst Ingólfsson og Birgir Ómar Haraldsson.

- Jón Kristjánsson er einn eigenda Sunds ehf.
- Guðmundur Ingi Jónsson er framkvæmdastjóri Miðbæjareigna ehf.
- Kristinn Adolf Ingólfsson er sérfræðingur á viðskiptastofu Sparisjóðs Keflavíkur
- Birgir Ómar Haraldsson er framkvæmdastjóri Icecapital ehf.

Starfsstöð varamanna í stjórn er á skrifstofu VBS fjárfestingarbanka hf., Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík sem jafnframt er heimilisfang útgefanda.

8.3. Skipurit og eftirlitsstjórn

8.3.1. Skipurit



Mynd 5. Skipurit VBS fjárfestingarbanka hf.

8.3.2. Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn bankans mynda forstöðumenn eininga ásamt framkvæmdastjórum sviða og forstjóra. Forstjóri er formaður framkvæmdastjórnar.

8.3.3. Sviðsstjórn

Forstöðumenn eininga á viðskiptasviði og forstöðumenn eininga á fjármálasviði mynda ásamt framkvæmdastjórum sviðanna sviðsstjórn hvors sviðs um sig.

8.3.4. Innri endurskoðandi

Helga Harðardóttir, kt. 101059-2519, Hvannaríma 20, 112 Reykjavík, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG endurskoðun hf. annast innri endurskoðun bankans.

8.3.5. Regluvörður

Högni Friðþjófsson hdl., forstöðumaður lögfræðisviðs, er regluvörður og Finnur Beck sérfræðingur á lögfræðisviði, er vararegluvörður.

8.3.6. Lánanefnd

Lánanefnd skipa forstjóri bankans, framkvæmdastjóri viðskiptasviðs og forstöðumaður áhættustýringar. Forstöðumaður reikningshalds situr fundi lánanefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Forstöðumaður lögfræðisviðs situr fundi lánanefndar og ritar fundargerðir hennar.

8.3.7. ALCO nefnd

ALCO-nefnd fjallar um og ákveður stefnu varðandi samsetningu eigna og skulda bankans. Hana skipa forstjóri bankans, forstöðumaður reikningshalds, framkvæmdastjóri viðskiptasviðs, framkvæmdastjóri fjármálasviðs, sem er formaður, forstöðumaður fjárstýringar og forstöðumaður fjármögnunar og rekstrar.

8.4. Stjórnendur

- Jón Þórisson, forstjóri
- Björn Ólafsson, framkvæmdastjóri viðskiptasviðs
- Guðmundur Birgisson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs og forstöðumaður áhættustýringar
- Aðrir forstöðumenn:
 - Brynjólfur Bjarnason, forstöðumaður lánasviðs
 - Magnús Scheving Thorsteinsson, forstöðumaður fyrirtækjasviðs
 - Tómas Eiríksson, forstöðumaður framkvæmdafjármögnunar
 - Ægir Birgisson, forstöðumaður markaðsviðskipta hefur störf 1. janúar 2008.
 - Pétur Aðalsteinsson, forstöðumaður eignastýringar
 - Hreggviður Ingason, forstöðumaður fjárstýringar
 - Sigurður H. Kristjánsson, forstöðumaður fjármögnunar- og rekstrar Guðmundur Frímansson , forstöðumaður reikningshalds
 - Arna Gunnarsdóttir, forstöðumaður bakvinnslu
 - Högni Friðþjófsson, forstöðumaður lögfræðisviðs

Brynjólfur Bjarnason er framkvæmdastjóri dótturfélagsins Fremdar. Hlynur J. Arndal er framkvæmdastjóri Þórskers ehf.

Starfsstöð allra framangreindra stjórnenda er á skrifstofu VBS fjárfestingarbanka hf., Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík sem jafnframt er heimilisfang útgefanda.

8.5. Upplýsingar um þátttöku stjórnenda í öðrum félögum

8.5.1. Stjórn og varastjórn

Páll Þór Magnússon er stjórnarmaður og framkvæmdastjóri IceProperties ehf., Norðurflugs ehf., Pluma ehf., Sunds ehf. og Paint ehf. og í stjórn G3 fasteignafélags ehf., ORF Líftækni hf., Bifreiða & landbúnaðarvéla ehf., Valiant Fjárfestinga ehf., Blue Ice Finance Íslandi ehf., Eignarhaldsfélagsins Sævarhöfða ehf., Húsasunds ehf., IceCapital ehf., D-1 ehf., Ingvars Helgasonar ehf., Búðar ehf. Þá er hann varamaður í stjórn DK-Holding ehf., Icelandic Group hf., Lax ehf., Sunds Holding ehf., Skýli 37 ehf. og Northern Travel Holding hf.

Óskar Ólafur Elísson er í stjórn Verðbréfaþjónustu Sparisjóðanna hf., Fjárfestingarfélagsins ESS hf. og Hermuskóga hf. Þá er hann varamaður í stjórn Icebank hf.

Gunnar Árnason er stjórnarmaður og framkvæmdastjóri FSP Holding ehf. og G. Arnason ehf. og í stjórn Austurbrautar hf. og Vostok Holdings hf. Þá er hann varamaður í stjórn MP Fjárfestingarbanka hf.,

Þröstur Leósson er stjórnarmaður og framkvæmdastjóri Miðverði ehf. og í stjórn FSP Holding ehf., Lyfju hf., Als, álvinnslu hf., Árkaupa ehf. og Stafnvíkur ehf. Þá er hann varamaður í stjórn Háskólavalla ehf., Bláa lónsins hf., Keilis, miðstöðvar vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. og Háskólagarða ehf.

Símon Sigurður Sigurpálsson er stjórnarmaður og framkvæmdastjóri Fjárfestingafélagsins Farbrautar ehf., Kjörbúð Hraunbæjar ehf., Miðbúðinni fjárfestingarfélagi ehf., Moni ehf. og Miðbúðinnar hf. og stjórnarmaður í Festarkletti ehf., Eyravegi 34-36 ehf. Þá er hann varamaður í stjórn Búðar ehf., Þinnar verslunar ehf. og D-1 ehf.

Jón Kristjánsson er stjórnarmaður og framkvæmdastjóri Skýli 37 ehf. og í stjórn G3 fasteignafélags ehf., Bifreiða & landbúnaðarvéla ehf., Blue Ice Finance Íslandi ehf., Eignarhaldsfélagsins Sævarhöfða ehf., Sunds Holding ehf., Sunds ehf., Líftryggingamiðstöðvarinnar hf. D-1 ehf. og Ingvars Helgasonar ehf. Þá er hann varamaður í stjórn IceProperties ehf., Húsasunds ehf. og IceCapital ehf.

Birgir Ómar Haraldsson er stjórnarmaður og framkvæmdastjóri Valiant Fjárfestingum ehf. og Rekstrarráði ehf. og stjórnarmaður í ORF Líftækni hf., Verðbréfaþjónustu Sparisjóðanna hf., Bifreiðum & landbúnaðarvélum ehf., Eignarhaldsfélaginu Sævarhöfða ehf., Puralube á Íslandi hf. og Ingvari Helgasyni ehf.

Guðmundur Ingi Jónsson er í stjórn Netsamskipta ehf.

Kristinn Adolf Ingólfsson er stjórnarmaður og framkvæmdastjóri Miðbæjarveitinga ehf. og Miðbæjareigna ehf. og í stjórn Byggðarhorns ehf.

8.5.2. Stjórnendur

Jón Þórisson er framkvæmdastjóri og stjórnarformaður í MiniMax ehf. og í stjórn Universal Exports ehf., Fremdar ehf. og VBS fjárfestingar ehf.

Björn Ólafsson er framkvæmdastjóri og stjórnarformaður Ambor ehf. og stjórnarmaður í Þríhnúkum ehf.

Arna Gunnarsdóttir er ekki þátttakandi í öðrum félögum.

Brynjólfur Bjarnason er framkvæmdastjóri Fremdar ehf. sem er dótturfélag VBS fjárfestingarbanka hf. Fyrir hönd Fremdar er hann stjórnarformaður Framtíðar ehf. og stjórnarmaður í Dugguvogi 2 ehf. og Dyngjuhól ehf. Jafnframt er hann stjórnarmaður í Rjóðri ehf. og varamaður í stjórn Dúks ehf.

Guðmundur Birgisson er stjórnarmaður í VBS fjárfestingu ehf.

Guðmundur Frímansson er stjórnarmaður í Guðrúnu ehf. tískuverslun, Teppabúðinni hf., GLV ehf. og VBS fjárfestingu ehf.

Hreggviður Ingason er ekki þátttakandi í öðrum félögum.

Högni Friðþjófsson er stjórnarmaður og framkvæmdastjóri Stórass ehf. og Héðinsnausts ehf. Hann er stjórnarmaður í Spectrum ehf. Einnig er hann varamaður í stjórn Íslandsbanka ehf. og Fremdar ehf.

Magnús Sch. Thorsteinsson er framkvæmdastjóri 3-plus hf. Hann er stjórnarformaður Vínkaupa og stjórnarmaður í 3-plus hf. Þá er hann varamaður í stjórn Pólstjörnunnar ehf.

Sigurður Hjalti Kristjánsson er stjórnarmaður í JB Byggingafélagi ehf., Ris ehf. og Goðum ehf.

Tómas Þór Eiríksson er stjórnarmaður í Fjárfestingarfélaginu Ferjuholti ehf., Framtíð ehf., Ölduhverfi ehf. Sunnutúni ehf., Þóruskeri ehf. og Guth ehf.

Ægir Birgisson er stjórnarmaður og framkvæmdastjóri Kötluholts ehf. og stjórnarmaður Ventura ehf. og Eignarhaldsfélagsins Reykja ehf.

Enginn af stjórnendum VBS fjárfestingarbanka hefur hlotið sakfellingu vegna svikamála, orðið gjaldþrota, þurft að sæta skiptameðferð eða fengið á sig opinbera ákæru.

8.6. Hagsmunaárekstrar stjórnar, stjórnenda og eftirlitsstjórnar

Engin augljós hættu er á að persónulegir hagsmunir stjórnarmanna, stjórnenda eða eftirlitsstjórnar, eða hagsmunir vegna starfa þeirra fyrir aðra aðila, rekist á við hagsmuni þá sem fylgja aðkomu þeirra að VBS fjárfestingarbanka hf. Í starfsreglum stjórnar VBS fjárfestingarbanka frá 26. júlí 2007 eru sérstök ákvæði til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra þegar mál sem tengjast stjórnarmönnum eru tekin fyrir.

9. Stærstu hluthafar og mikilvægir samningar

Hlutfé í VBS fjárfestingarbanka 10. desember 2007 var 454.827.000 kr. Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutfé félagsins um allt að 67.490.000 kr. og skiptist í það margfeldi einnar krónu, sem hluthafar eiga í félaginu á hverjum tíma.

10 stærstu hluthafar þann 10 desember 2007 voru:

Nafn hluthafa	Hlutir	%
Icecapital ehf *	55.947.297	12,7%
Sparisjóður Mýrarsýslu	45.669.234	10,4%
Sparisjóður Keflavíkur	45.067.250	10,2%
BYR	44.181.359	10,0%
Icebank hf.	21.287.608	4,8%
Sparisjóður Vestmannaeyja	17.312.515	3,9%
Holtasel ehf**	16.900.000	3,8%
Universal Exports ehf***	15.085.925	3,4%
Lífeyrissjóður Verslunarmanna	12.600.000	2,9%
Jafet Ólafsson	12.033.044	2,7%

* Icecapital ehf. er í eigu fjárfestingarfélagsins Sunds ehf., sem er í eigu Gabríelu Kristjánsdóttur, Gunnþórunnar Jónsdóttur og Jóns Kristjánssonar

** Holtasel ehf. er í eigu Péturs Guðmundssonar.

*** Universal Exports er í eigu Jóns Þórissonar forstjóra VBS fjárfestingarbanka hf.

9.1. Eignarhlutir tengdra aðila

Stjórn er ekki kunnugt um að í gildi séu nokkur hluthafasamkomulög eða aðrir samningar milli hluthafa um yfirráð eða beitingu atkvæðisréttar í félaginu.

9.2. Hlutabréfakaup starfsfólks

Engir samningar hafa verið gerðir við stjórnendur um rétt til kaupa á hlutabréfum í félaginu. Á hluthafafundi 30. apríl 2007 var samþykkt að gefa út nýtt hlutfé, alls 30.000.000 kr. að nafnvirði, til að selja starfsfólki. Hlutfé það hefur allt verið selt.

9.3. Mikilvægir samningar

Bankinn er ekki aðili að samningum sem falla utan hefðbundinnar starfsemi hans og gætu haft áhrif á getu hans til að standa undir fjárhagslegum skuldbindingum gagnvart eigendum útgefinna verðbréfa.

10. Fjárhagsupplýsingar

10.1. Endurskoðun fjárhagsupplýsinga

Upplýsingar í fjárhagsyfirlitinu hér að neðan eru úr endurskoðuðum ársreikningum félagsins ár hvert en endurskoðendur félagsins unnu ekki að gerð þessarar útgefandalýsingar. Árshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla IFRS. Þetta er fyrsti árshlutareikningur bankans sem gerður er samkvæmt stöðlunum. Framsetning samanburðartalna fyrir árin 2005 og 2006 í neðangreindum töflum miðast við hina nýju reikningsskilavenju.

Efnahagsreikningur í árslok 2006 er endurskoðaður upphafsefnahagsreikningur sameinaðs félags VBS fjárfestingarbanka hf. og FSP hf. þann 1. janúar 2007, en samruni félaganna miðast við þann dag. Á sérstöku yfirliti hér að neðan er gerð grein fyrir samsetningu hans.

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar VBS fjárfestingarbanka hf.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning VBS fjárfestingarbanka hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007. Árshlutareikningurinn, sem veitir í ýmsum atriðum minni upplýsingar en ársreikningur, hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit og skýringar. Árshlutareikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við ákvæði alþjóðlegs reikningsskilastaðals IAS 34 um árshlutareikninga. Ábyrgð okkar felst í þeirri niðurstöðu sem af könnun okkar leiðir.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRE 2410, um könnun óháðs endurskoðanda félags á árshlutareikningum þess. Slík könnun felur í sér spurningar til starfsmanna félagsins, aðallega þeirra sem bera ábyrgð á fjárhagslegum og reikningshaldslegum málum félagsins, greiningu á hinum ýmsu liðum árshlutareikningsins og aðrar könnunaraðgerðir. Umfang könnunar er töluvert minna en umfang endurskoðunar sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem kæmu í ljós við endurskoðun. Endurskoðunarálit er því ekki látið í ljós.


Niðurstaða

Könnun okkar leiddi ekkert í ljós sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu.

Reykjavík 26. júlí 2007.

KPMG hf.

Mynd 6. Könnunaráritun endurskoðanda úr uppgjöri 30.júní 2007



10.2. Útgefin verðbréf og opinberar birtingar

VBS fjárfestingarbanki hf. gaf út skráðan skuldabréfaflokk hjá OMX ICE í árslok 2006; auðkenni VBS 06 1 og ISIN nr. IS0000013803.

Árshlutareikningur 30. júní 2007 var birtur opinberri birtingu. FSP hf. var ekki með neina skráða flokka verðbréfa hjá OMX ICE og hefur ekki birt uppgjör sín opinberri birtingu.

10.3. Síðustu fjárhagsupplýsingar

Rekstrarreikningur

	2007	2006	2005
	1.1.-30.6.	1.1.- 31.12	1.1.- 31.12
Vaxtatekjur	963.244	1.232.477	481.103
Vaxtagjöld	(578.832)	(1.108.208)	(223.599)
Hreinar vaxtatekjur	384.412	124.269	257.504
Aðrar rekstrartekjur	1.398.748	1.466.589	738.092
Hreinar rekstrartekjur	1.783.160	1.590.858	995.595
Önnur rekstrargjöld	(431.259)	(690.824)	(299.421)
Hagnaður fyrir tekjuskatt....	1.351.901	900.034	595.550
Tekjuskattur	(238.140)	(150.695)	(88.135)
Hagnaður tímabilsins	1.113.761	749.339	406.791
Hagnaður pr. hlut	2,60		

Efnahagsreikningur

	30.6.2007	31.12.2006	31.12.2005
Eignir			
Kröfur á lánastofnanir	451.190	151.576	40.345
Útlán til viðskiptamanna	12.298.148	9.260.197	4.673.842
Fullnustueignir	3.356.251		
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum	3.423.756	5.476.003	998.802
Rekstrarfjármunir	20.341	20.089	17.869
Viðskiptavild	856.744	1.014.083	
Aðrar eignir	3.170.035	894.774	629.621
Eignir samtals	23.576.465	16.816.722	11.761.732
Skuldir og eigið fé			
Lántökur.....	11.458.878	7.669.508	4.128.555
Verðbréfaútgáfa	1.774.328	1.590.679	
Víkjandi lán	488.058	473.819	412.917
Aðrar skuldir.....	2.111.647	943.212	551.836
Eigið fé.....	7.743.551	6.139.504	1.250.327
Skuldir og eigið fé samtals	23.576.462	16.816.722	6.360.480
Eiginfjárhlutfall (CAD).....	32,2%	20,8%	28,3%

Yfirlit um sjóðstreymi

Hagnaður.....	1.113.761	749.339	406.791
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi.....	35.994	302.019	160.342
Fjárfestingahreyfingar.....	(5.878.001)	(5.439.025)	(2.769.945)
Fjármögnunarhreyfingar.....	5.027.860	4.487.121	2.185.758
Breyting á handbæru fé.....	299.614	99.454	(17.054)
Handbært fé í ársbyrjun.....	151.576	52.122	57.399
Handbært fé í lok tímabils.....	451.190	151.576	40.345

10.4. Dómsmál og gerðardómsmál

Einu málaferlin sem bankinn tengist nú eru vegna hefðbundinnar starfsemi bankans og varða innheimtu þar sem VBS er kröfuhafi.

10.5. Mikilvægar breytingar á fjárhagsstöðu útgefanda

Engar breytingar sem mikilvægar geta talist hafa átt sér stað á fjárhagsstöðu útgefanda á þeim tíma sem liðinn er frá síðasta fjárhagstímabili til útgáfu þessarar lýsingar.

11. Skjöl til sýnis

Á meðan útgefandalýsing þessi er í gildi er heimilt, eftir atvikum, að skoða eftirfarandi skjöl (eða afrit þeirra).

Nálgast má skjölin á skrifstofu VBS fjárfestingarbanka hf., Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík.

- Útgefandalýsing staðfest af OMX Nordic Exchange Iceland hf.
- Verðbréfalýsing vegna skráðra verðbréfa staðfest af OMX Nordic Exchange Iceland hf.
-
- Ársreikningur VBS fjárfestingarbanka hf. fyrir árin 2005 og 2006.
- Ársreikningur FSP hf. fyrir árin 2005 og 2006.
- Samrunaáætlun VBS fjárfestingarbanka hf. og FSP hf.
- Árshlutareikningur VBS fjárfestingarbanka hf. fyrir 1. janúar til 30. júní 2007.

Litið er svo á að með tilvísun séu eftirfarandi skjöl felld inn í útgefandalýsingu þessa og teljist hluti hennar:

- Ársreikningur VBS fjárfestingarbanka hf. fyrir árin 2005 og 2006
- Árshlutareikningur VBS fjárfestingarbanka hf. fyrir 1. janúar til 30. júní 2007.

12. Samþykktir VBS fjárfestingarbanka hf.

SAMÞYKKTIR

FYRIR

VBS Fjárfestingabanka hf.

1.0. Nafn félagsins, heimili, varnarþing og tilgangur.

- 1.1. Félagið heitir VBS Fjárfestingabanki hf.
- 1.2. Heimili þess og varnarþing er að Suðurlandsbraut 18, Reykjavík.
- 1.3. Tilgangur félagsins er að veita fjármálaþjónustu. Félaginu skal vera heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem lánaþyrirtækjum er heimil samkvæmt lögum og starfsleyfi félagsins hverju sinni.

2.0. Hlutfé félagsins og hlutaskrá.

- 2.1. Hlutfé félagsins er kr. 454.827.000. Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutfé félagsins um allt að 7.490.000-. Kr. 4.490.000- af þeirri fjárhæð getur félagið ráðstafað til starfsmanna en kr. 3.000.000- getur stjórnin selt á frjálsum markaði, en aðrir hluthafar hafa fallið frá forkaupsrétti að þeim hlutum. Heimild þessi gildir til ársloka 2008 og fellur þá niður að því marki sem hún þá er enn ónotuð. Hina nýju hluti má selja og veðsetja með sama hætti og eldri hluti í félaginu, sbr. grein 2.9 í samþykktum félagsins. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutfjárhækkunarinnar.

- 2.1.1. Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutfé þess um allt að kr. 60.000.000,- að nafnverði, með áskrift allt að 60.000.000 nýrra hluta. Þar af hefur stjórn félagsins heimild til þess að ráðstafa allt að kr. 10.000.000,- að nafnverði á frjálsum markaði og falla hluthafar frá forkaupsrétti sínum skv. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög varðandi þetta hlutfé, samtals allt að fjárhæð kr. 10.000.000,- að nafnverði. Þessir nýju hlutir, samtals allt að fjárhæð kr. 60.000.000,- að nafnverði, skulu vera í sama flokki og með sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Þeir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutfjárhækkunarinnar. Stjórn félagsins er falið að ákveða nánari útfærslu á hækkan þessari m.t.t. verðs og greiðsluskilmála. Heimild þessi gildir til 1. júní 2010. Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að áskrifendur greiði fyrir hina nýju hluti að hluta eða öllu leyti með öðru en reiðufé.

Hlutir skiptast í það margfeldi einnar krónu, sem hluthafar eiga í félaginu á hverjum tíma. Skipting hlutabréfa í aðrar einingar er þó heimil með samþykki stjórnar.

- 2.2. Þegar hluthafi hefur greitt hlut sinn að fullu og skráning í hlutaskrá hefur farið fram, skal hluthafa afhent hlutabréf, sem stjórnin gefur út og veitir það honum rétt samkvæmt samþykktum félagsins.
- 2.3. Hlutabréf skulu gefin út á nafn hluthafa. Þau skulu auðkennd í töluröð. Í hlutabréfi skal greina eftirfarandi atriði:
 - 2.3.1. Nafn, kennitölu og heimilisfang félags.
 - 2.3.2. Númer og fjárhæð hlutar.
 - 2.3.3. Nafn eiganda hlutabréfsins
 - 2.3.4. Útgáfudag hlutabréfsins.

- 2.3.5. Skorður þær, sem reistar eru við heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum sínum í samþykktum þessum, ef um þær er að ræða.
- 2.4. Stjórn félagsins skal halda skrá um hluti í félaginu. Skrána má hafa í tryggu lausblaða- eða spjaldaformi eða tölvuskra hana.
- 2.5. Í hlutaskrá skulu hlutir skráðir í númeraröð og skal fyrir sérhvern hlut greint frá nafni eiganda, kennitölu og heimilisfangi.
- 2.6. Verði eigendaskipti að hlut og ákvæði laga eða samþykta þessa eru þeim ekki til fyrirstöðu, skal nafn hins nýja hluthafa fært í hlutaskrána þegar hann eða löglegur umboðsmaður hans tilkynnir eigendaskiptin og sannar rétt sinn. Enn fremur skal geta eigendaskipta- og skráningardags. Sá sem eignast hefur hlut getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum.
- 2.7. Ef þess er krafist af hluthafa eða veðhafa skal félagið gefa út staðfestingu um færslu í hlutaskrána.
- 2.8. Hlutaská skal ætíð geymd á skrifstofu félags og eiga allir hluthafar og stjórnvöld aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.
- 2.9. Hluthöfum er heimilt að framselja og veðsetja hluti sína í félaginu án samþykkis félagsstjórnar. Ekki er skilyrði fyrir framsali hlutafjár að það sé fyrst boðið öðrum hluthöfum eða félaginu sjálfu til kaups.
- 2.10. Hækkun hlutafjár.
Hluthafafundur einn getur ákveðið hækkun hlutafjár, hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Tillaga um hlutafjárhækkun skal liggja frammi til athugunar fyrir hluthafa fyrir hluthafafundinn.
- 2.10.1. Við hækkun hlutafjár eiga hluthafar rétt til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í sínum eigin flokkum í réttu hlutfalli við hlutaeign sína. Hluthafi getur framselt öðrum aðilum áskriftarrétt sinn að einhverju leyti eða í heild en þó einungis að heilum hlutum. Nú notar eða framselur einhver hinna eldri hluthafa ekki áskriftarrétt sinn að fullu og eiga þá aðrir eldri hluthafar aukinn rétt til áskriftar sem þeir geta ekki framselt öðrum. Við hækkun hlutafjár með áskrift nýrra hluta skal gætt ákvæða V.kafla laga nr.2/1995 um hlutafélög.
- 2.10.2. Hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhlutabréfa getur farið fram á þann hátt að yfirfærðar séu fjárhæðir, sem greiða má sem arð eða fjárhæðir sem komið hafa fram vegna færslna í endurmatsreiknings samkvæmt lögum um ársreikninga eða við yfirfærslu úr lögmætum varasjóði.
- 2.10.3. Hlutafjárhækkun er ekki gild fyrr en ákvörðun hefur verið skráð.
- 2.11. Eigin hlutir.
Hlutafélagið má ekki gegn endurgjaldi eignast eigin hluti með kaupum eða fá þá að veði ef nafnverð samanlagðra hluta, sem félagið og dótturfélög þess eiga í félaginu, er meira en eða mun verða meira en 10% af hlutafénu. Gætt skal ákvæða 29. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og ákvæða VIII. kafila laga nr. 2/1995 um hlutafélög varðandi eigin hluti.
- 2.12. Hver hluthafi skal hlýða lögum félagsins svo sem þau eru á hverjum tíma. Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram hluti þeirra í því. Á ákvæðum þessarar greinar getur engin breyting orðið.
- 2.13. Engin sérréttindi fylgja neinum hlutum í félaginu.

3.0. Hluthafafundir.

- 3.1. Lögmætir hluthafafundir hafa æðsta vald í öllum félagsmálum með takmörkunum þeim, sem samþykktir þessar setja.
- 3.2. Hluthafafundir skulu haldnir í Reykjavík, nema allir stjórnarmenn samþykki annan fundarstað.
- 3.3. Hluthafafundur er lögmætur ef hann sækja hluthafar sem hafa yfir að ráða 50% hlutfjár alls félagsins. Nú reynist hluthafafundur ólögmætur vegna þess hversu fáir sækja hann og skal þá boða til fundar á ný þegar í stað. Er sá fundur lögmætur hversu fáir hluthafar sem sækja hann.
- 3.4. Öllum hluthöfum er heimilt að sækja hluthafafundi og fara þar með ákvörðunarvald sitt í málefnum félagsins. Hluthafi getur veitt umboðsmanni, hvort sem umboðsmaðurinn er hluthafi eða ekki, umboð, sem sé skriflegt og ekki til lengri tíma en eins árs til þess að sækja hluthafafundi fyrir sína hönd. Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa. Ráðgjafi hefur hvorki málfrelsi, tillögurétt né atkvæðisrétt á hluthafafundinum.
- 3.5. Eitt atkvæði er fyrir hverja einnar krónu hlutfjáreign. Eigin hlutir félags njóta ekki atkvæðisréttar. Slíkir hlutir skulu ekki taldir með, þegar krafist er samþykkis allra hluthafa, ákveðins meirihluta alls hlutfjár eða þess, sem farið er með á hluthafafundi.
 - 3.5.1. Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir lok maí ár hvert. Aðalfundur er lögmætur, ef hann sækja hluthafar, sem hafa yfir að ráða helmingi hlutfjárins hið minnsta. Reynist aðalfundur ólögmætur skal þá innan mánaðar boða til nýs aðalfundar á sama hátt og áður og með sama fyrirvara og er hann lögmætur, hversu fáir hluthafar, sem sækja hann.

Dagskrá aðalfundar skal vera þessi:
 - 3.5.2. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess s.l. rekstrarár. Ársreikningur, rekstrar- og efnahagsreikningur, undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra skal lagður fram til staðfestingar. Ársreikningi skulu fylgja athugasemdir endurskoðenda, stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, ef um þær er að ræða.
 - 3.5.3. Tillaga stjórnar um ráðstöfun á hagnaði félagsins eða jöfnun taps.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/3 hlutfjárins krefjast þess skriflega á aðalfundi, skal fresta ákvörðunum um málefni þau, sem greinir í tl. 3.5.2. um staðfestingu efnahags- og rekstrarreikning og tölulíð þessum um ráðstöfun á hagnaði félagsins eða jöfnun taps eða málefni er varðar lausn undan ábyrgð til framhaldsaðalfundar, sem haldinn skal í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar. Frekari frests er ekki unnt að krefjast.
 - 3.5.4. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna félagsins til næsta aðalfundar.
 - 3.5.5. Kosning í stjórn félagsins og varastjórn, sem skal vera skrifleg, ef þess er óskað.
 - 3.5.6. Kosning endurskoðunarfélags til að annast endurskoðun fyrir félagið sbr. tl. 5.0.
 - 3.5.7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur löglega framborin mál.
- 3.6. Aukafund skal halda, þegar félagsstjórn telur þess þörf. Boða skal til aukafundar innan fjórtán daga, ef kjörinn endurskoðandi eða hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/10 hlutfjárins krefjast þess skriflega og greina fundarefni.
- 3.7. Boðun hluthafafunda.
 - 3.7.1. Félagsstjórn annast boðun hluthafafundar.

- 3.7.2. Boða skal til hluthafafundar með styst einnar viku og lengst fjögurra vikna fyrirvara með bréfi til hluthafa og auglýsingu í einu dagblaða landsins sem dreift er um allt land.
- 3.7.3. Í fundarboði skal greina málefni þau, sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Ef taka á til meðferðar tillögu um breytingar á samþykktum félagsins skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.
- 3.8. Dagskrá hluthafafundar.
- 3.8.1. Um dagskrá aðalfundar sjá tl. 3.5.1. til 3.5.7.
- 3.8.2. Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur og skýrsla endurskoðanda, sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa, sem þess óskar.
- 3.8.3. Hver hluthafi á rétt á því að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir skriflega kröfu um það til félagsstjórnar með það miklum fyrirvara, að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.
- 3.8.4. Þau mál, sem ekki hafa verið greind í dagskrá, er ekki unnt að taka til úrlausnar á hluthafafundi.
- 3.9. Atkvæðagreiðslur.
- 3.9.1. Einfaldur atkvæðameirihluti ræður úrslitum á hluthafafundum í öllum almennum málum. Hlutkesti ræður ef atkvæði verða jöfn við kosningar í félaginu. Tillaga telst fallin, ef hún fær jafn mörg atkvæði með og móti.
- 3.9.2. Ákvörðun um slit félagsins eða samruna við önnur félög skal tekin af hluthöfum sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins. Ákvörðun um breytingar á samþykktum þessum skal tekin í samræmi við ákvæði 93. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.
- 3.9.3. Samþykki allra hluthafa þarf til að ráða til lykta málefnum þeim, sem um ræðir í 94. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.
- 3.9.4. Samþykkt um breytingu á samþykktum þessum skal tilkynna til hlutafélagaskrár þegar í stað og öðlast breytingin eigi gildi fyrir en hún hefur verið skráð.
- 3.10. Hluthafafundi stýrir fundarstjóri. Fundurinn kýs fundarstjóra úr hópi hluthafa eða annarra. Formaður félagsstjórnar eða annar, sem stjórnin nefnir til, setur hluthafafund og stjórnar kjöri fundarstjóra.

Þegar fundur hefur verið settur, skal gerð skrá yfir hluthafa og umboðsmenn hluthafa, er fund sækja, til þess að ljóst sé, hversu mörgum hlutum og atkvæðum hver þeirra ræður yfir. Skrá þessi skal notuð þar til hluthafafundur kann að breyta henni. Fundarstjóri skal láta kjósa fundarritara, sem heldur fundargerðabók. Í fundargerðabók skal skrá ákvarðanir hluthafafundar ásamt úrslitum atkvæðagreiðslna. Skrá yfir viðstadda hluthafa og umboðsmenn skal færð í fundargerðabók og fylgja henni. Fundarstjóri og fundarritari skulu undirrita fundargerðabókina. Hluthafar skulu hafa aðgang að fundargerðabók eða staðfestu endurriti fundargerðar á skrifstofu félagsins í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund.

4.0. Félagsstjórn og framkvæmdastjórn.

- 4.1. Stjórn félagsins skipa fimm menn og jafn margir til vara.

Stjórnarmenn skulu kosnir á árlegum aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnina má endurkjósa. Stjórnin kýs sér formann á fyrsta stjórnarfundi eftir aðalfund og skiptir þá að öðru leyti með sér störfum.

Ef hluthafar, sem ráða yfir minnst 1/5 hlutafjárins, krefjast þess, skal beita hlutfallskosningu eða margfeldiskosningu við kjör stjórnarmanna félagsins.

- 4.1.1. Framboðum til stjórnar félagsins skal skilað skriflega á skrifstofu félagsins a.m.k. 5 virkum dögum áður en að aðalfundur er fyrirhugaður. Framboðum skulu fylgja þær staðfestingar um hæfi sem krafist er af stjórnarmönnum í fjármálafyrirtækjum á hverjum tíma skv. lögum og reglum um fjármálafyrirtæki.
- 4.2 Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi og mega eigi í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Meirihluti stjórnar í félaginu skulu vera menn, sem ekki eru framkvæmdastjórar í því. Ekki má kjósa framkvæmdastjóra félags sem stjórnarformann í því. Framkvæmdastjórar og minnst helmingur stjórnarmanna skulu vera búsettir hér á landi.
- 4.3. Félagisstjórn fer með málefni félagsins og skal annast um, að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnin getur ráðið framkvæmdastjóra sem annist daglegan rekstur félagsins og skal hann í störfum sínum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem félagisstjórn gefur. Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Einungis félagisstjórn getur veitt prókúruumboð. Til sölu eða veðsetningar á fasteignum félagsins þarf fundarsamþykkt stjórnar.

Meirihluti stjórnar ritar firmað.

- 4.4. Formaður kveður til stjórnarfundar. Fund skal og jafnan halda, ef einhver stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra óskar þess. Um það sem gerist á stjórnarfundum skal haldinn gerðarbók, sem undirrituð skal af þeim, sem fund sitja. Ef ágreiningur verður meðal stjórnenda ræður afl atkvæða, en verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns úrslitum. Félagisstjórn er ákvörðunarbær, þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tók á því að fjalla um málið, sé þess kostur.

5.0. Endurskoðun.

- 5.1. Á aðalfundi skal kjósa endurskoðunarfélag til að annast endurskoðun félagsins sbr. 57. gr. laga nr. 144/1994 um ársreikninga og XI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

6.0. Ársreikningur og árshlutauppgjör.

- 6.1. Starfsár félagsins og reikningsár skal vera almanaksárið.
- 6.2. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðanda eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund. Endurskoðaður ársreikningur ásamt skýrslu stjórnar skal sendur Fjármálaeftirlitinu innan tíu daga frá undirritun en þó eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.
- 6.3. Ársreikningar skulu árlega lagðir fyrir aðalfund til staðfestingar og síðan sendir hlutafélagaskrá í samræmi við ákvæði VIII. kafla laga nr. 144/1994 um ársreikninga.
- 6.4. Árshlutauppgjör skulu gerð í samræmi við 96. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglur sem settar eru samkvæmt þeim lögum.
- 6.5. Um gerð ársreiknings og árshlutauppgjöra skal farið eftir lögum nr.144/1994 um ársreikninga, XI. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglum sem settar eru samkvæmt þeim lögum.

7.0. Arðsúthlutun, varasióður o.fl.

- 7.1. Aðalfundur tekur ákvörðun um úthlutun arðs og greiðslur í varasjóð að fenginni tillögu stjórnar um ráðstöfun ágóðans. Óheimilt er að ákveða meiri úthlutun arðs en stjórn leggur til eða samþykkir.
- 7.2. Gjaldddagi arðgreiðslu skal vera innan sex mánaða frá samþykkt úthlutunar.

8.0. Samruni.

Um samruna félagsins við annað félag eða önnur félög skal fara samkvæmt XII. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og XIV. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög og samþykktum þessum um atkvæðamagn.

9.0. Félagsslit.

Um félagsslit skal fara samkvæmt XII. kafla laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og XIII. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög og samþykktum þessum um atkvæðamagn.

10.0. Önnur ákvæði.

Geymi samþykktir þessar eigi ákvæði um það, hvernig skipa skuli málum í sambandi við innri málefni félagsins, skulu gilda ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög og laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Samþykktir þessar voru samþykktar á stofnfundi þann 15. október 1996 og breytt á aðalfundi þann 15. apríl 1999 og á aðalfundi þann 13. apríl 2000. Þá hefur stjórn nýtt heimild sem hún fékk til aukningar á hlutafé á aðalfundi 13. apríl 2000. Stjórn félagsins fékk heimild til að auka hlutafé um kr. 30.000.000 á nafnverði á aðalfundi þann 11. mars 2004. Á sama fundi var samþykkt að fækka stjórnarmönnum úr 5 í 3. Þá var samþykktunum breytt á aðalfundi félagsins þann 5. mars 2005 og hluthafafundum þann 11. maí og 10. nóvember 2005. Nafni félagsins var breytt á aðalfundi 16. febrúar 2006 auk þess sem stjórn félagsins var þá heimilað að hækka hlutafé úr 168.200.000 um allt að 55.000.000- með nánar tilgreindum skilyrðum. Í desember 2006 hafði heimild til að auka hlutafé félagsins um kr. 47.510.000 verið nýtt og það hlutafé allt greitt að fullu. Eftirstöðvar heimildarinnar eru kr. 7.490.000-. Af þeirri fjárhæð hefur félagið heimild til að ráðstafa kr. 4.490.000- til starfsmanna en selja kr. 3.000.000- á frjálsum markaði. Hluthafar hafa fallið frá forkaupsrétti að þeim hlutum sbr. samþykkt á hluthafafundi 16. febrúar 2006. Gr. 2.1. var breytt á aðalfundi þann 30. apríl 2007 og heimild veitt til að auka hlutafé félagsins vegna samruna við FSP hf. Á hluthafafundi sama dag var greinum 2.1.1. og 4.1.1. bætt við samþykktirnar. Þá var á sama fundi gr. 3.5.4. breytt. Stjórn félagsins ákvað á fundi sínum þann 29. maí 2007 að nýta hluta af heimild til hækkunar hlutafjár og hækkaði hlutaféð um kr. 30.000.000- eða í 444.827.000-. Stjórn félagsins ákvað á fundi sínum þann 29. nóvember 2007 að nýta hluta af heimild til hækkunar hlutafjár án forkaupsréttar um kr. 10.000.000 og hækkaði hlutaféð þ.a.l. um sömu fjárhæð og er því eftir hækkunina samtals kr. 454.827.000.

Reykjavík, 10. desember 2007

Staðfest rétt eintak.

Guðmundur Frímansson

Forstöðumaður reikningshalds